



Auglýsing um skipulagsmál á Kárhóli

Skipulags- og umhverfisnefnd Píngeyjarsveitar boðar hér með til almenns kynningarfundar á Breiðumýri n.k. þriðjudag 3. febrúar kl 17:00.

Kynntar verða tillögur að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi svæðis fyrir rannsóknarhúsi á jörðinni Kárhóli í Reykjadal, þar sem rekin verður vísindamiðstöð og gestastofa fyrir ferðamenn með upplýsingum og kynningum m.a. tengdum norðurljósum. Tillögurnar verða kynntar eins og 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Jafnframt verða kynntar tillöguteikningar af hinu nýja rannsóknarhúsi.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.
Bjarni Reykjafn,
skipulags- og byggingarfulltrúi Píngeyjarsveitar



Sumarstarf

Hótel Rauðaskriða auglýsir eftir fólki í eftirfarandi störf tímabilið í kringum 1. júní-31. ágúst

ÞRIF

- Dagleg þrif herbergja.

Vinnutími ca. 6 klst. á dag (9-15) sex daga vikunnar. Hlustastörf koma einnig til greina. Umsækjendur þurfa að vera reglusamir, snyrtilegir, nákvæmir og 18 ára eða eldri.

VEITINGASALUR OG FLEIRA

- Undirbúningur og framreiðsla morgunverðar og frágangur.
- Aðstoð í eldhúsi og/eða framreiðsla í sal í kvöldmat (A la Carte) og frágangur.
- Umhirða utanhúss.

Umsækjendur þurfa að vera reglusamir, snyrtilegir, nákvæmir, reyklusir og hafa gott vald á ensku, ef viðkomandi talar fleiri tungumál er það kostur. Viðkomandi þarf að hafa gaman af að umgangast fólk og reynslu af sambærilegum störfum. Lágmarksaldur er 20 ár. Unnið er á vöktum.

Góð laun og ýmis friðindi í boði fyrir gott fólk.
Áhugasamir sendi umsóknir og ferilskrá á hotel@hotelraudaskrida.is fyrir 15. febrúar.



Hótel Rauðaskriða er umhverfisvænt þriggja stjörnu sveitahótel í Aðaldal, með 38 herbergi sem býður upp á morgunverðarhlaðborð og „A la Carte“ matseðil á kvöldin.



MENNINGARMIÐSTÖÐ PINGEYINGA

Menningarmiðstöð Pingeyinga og Kaupfélag Pingeyinga hafa gefið út mynddisk með 4 þingeyiskum kvikmyndum.



- Samvinnuhátíð í Vaglaskógi 1944.
- Kaupfélag Pingeyinga – Afmælishátíð á Húsavík 1952.
- Heimsókn forseta Íslands hr. Ásgeirs Ásgeirssonar til Húsavíkur 1955.
- Gakktu með mér stutta stund. Menningarsjóður Kaupfélags Norður-Pingeyinga.

Frábær heimild um viðburði og mannlíf í héraði.
Diskarnir eru til sölu í Safnahúsinu á Húsavík, þá er einnig hægt að panta í síma 464 1860 eða með tölvupósti á netfangið: safnahus@husmus.is. Verð 3.500 kr.

Þorrablót Eflingar



verður haldið á Breiðumýri
laugardagskvöldið 7. febrúar kl.20:30.
Húsið opnar klukkan 20:00.
Hljómsveitin SOS leikur fyrir dansi.

Miðaverð er 3000 krónur. Posi verður á staðnum!

Þátttaka tilkynnist fyrir klukkan 20:00
fimmtudaginn 5.febrúar.

Dúna. Sími: 6634511 / duggond82@gmail.com

Gréta. Sími: 8637099 / gretas@ismennt.is

Nefndin

ÞORRABLÓT LJÓSVETNINGA



verður haldið í Ljósveitingabúð
laugardagskvöldið 7. febrúar 2015
Borðhald hefst kl 20:30
Húsið opnar kl 19:45



Hljómsveitin „Sérsveitin“ leikur fyrir dansi

Miðaverð 3.000 kr. Aldurstakmark 16 ára

Diskar og glös verða á borðum
en takið með ykkur hnífapör og drykki

Þátttaka tilkynnist fyrir kl 19:00

miðvikudagskvöldið 4. feb.

Helga: s: 464-1109 / 699-2983

Marika: s: 464-3423 / 849-7735

Athugið sérstaklega að þar sem einungis er leyfilegt að hafa 250 manns í húsinu á þorrrablótum er fólk vinsamlegast beðið um að takmarka gestafjölda.

Fólk er hvatt til að greiða miða í heimabanka inn á reikning

nr. 1110-05-400001, kt. 280275-2479

til og með föstudegi

6. febrúar. Þeir sem það gera þurfa að sýna kvittun í miðasölunni. Annars verða miðar seldir við innganginn en **athugið að enginn posi er á staðnum.**

Reiðnámskeið

Reiðnámskeið fyrir börn og fullorðna verður haldið í Torfunesi og hefst það þann 1 febrúar nk og til 10 maí.

Námskeiðið verður haldið annann hvern sunnudag eða 8 skifti og kennari er Sandra Marín frá Hléskógum.

Námskeiðið verður haldið með þeim hætti að þegar skráningu líkur verður raðað í hópa eftir getu og þeir haldast þannig út tímabilið.

Skráning fer fram í síma 6123004 (Helga) og Skráningartíma líkur föstudaginn 30 janúar.

Verð fyrir 8 skipti er 35000kr

30% systkyna afsláttur.

Innifalið í verði er hestur allan tíman og hjálmur og annað tengt hestinum.

Einnig verður hægt að fá einkatíma hjá kennara og kostar skiptið 6000 kr

Aðalfundur

Sauðfjarræktarfélag Aðaldæla

verður haldinn að Ýdölum, þriðjudaginn 3. febrúar kl. 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf

María Svanþrúður mætir á fundinn
Stjórnin

Hætt hefur verið við þorrablót í Bárðardal Þess í stað er boðað til **Góugleði 2015**

Laugardagskvöldið **28. febrúar** verður góugleði UMF Einingarinnar haldin í Kiðagili fyrsta sinn í langan tíma. Hefst skemmtunin kl. 20:30 en húsið opnar kl. 19:45.

Á staðnum verða dúkar, diskar, glös og munnþurrkur en ekki hnífapör.

Fólk er hvatt til að koma með einhverja næringu í trogi, einnig viðeigandi drykkjarföng og almennt eru menn beðnir að hegða sér sem þorrablót væri.

Reiknum með að súrmaturinn verði með allra súrasta móti þetta árið.

Aðgangseyrir er 2.500 kr. 16 ára aldurstakmark.

Hljómsveit verður á staðnum og mun leika fyrir dansi að borðhaldi loknu.

Pantanir þurfa að berast fyrir kl. 20:00 **miðvikdaginn 25. febrúar** til:

Garðars í síma 4643292 / 8934950 eða í netfangið storuvellir@simnet.is

Stínu í síma 4643294 eða í netfangið sigkrist@simnet.is

Aðgangseyri er hægt að greiða við innganginn. **ATH ekki posi.** Hægt er að greiða aðgangseyri á reikning 1110-26-580 kt. 600799-2589 fyrir kl. **18:00 föstudaginn. 27. feb.** Þá þarf að senda kvittun á netfangið storuvellir@simnet.is Nefndin mælir með að sem flestir leggi inn á reikning félagsins til að koma í veg fyrir öngþveiti og múgæsingu í inngangi.

Ef þið hafið eintak af fjölnota söngskrá Einingarinnar undir höndum vinsamlega takið hana með!

Vinsamlegast geymið auglýsinguna, þetta verður ekki auglýst nánar síðar.

Sjáumst kát og hress
Nefndin

4.tbl.
29. janúar
2015
22. ág.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386



Mokstur heimreiða í Þingeyjarsveit.

Að gefnu tilefni vill skrifstofa Þingeyjarsveitar minna íbúa á þá meginreglu að heimreiðar eru mokaðar allt að tvisvar í viku. Ekki er hægt að flytja skiptin milli vikna og hafa mokstursmenn ekki heimild til að moka oftar innan hvernar viku. Óski íbúar eftir mokstri oftar þá bera þeir sjálfir þann kostnað.

Verktaki metur aðstæður og er íbúum heimilt að panta mokstur á heimreiðum sínum beint til verktaka. Skál verktaki ávallt meta aðstæður, hafa samráð við ábúendur á svæði hans og nota þann kost við moksturinn sem hagstæðastur er hverju sinni. Rudd skal öll breidd vegar eins og kostur er og heim að bílastæðum og mjólkurhúsum þannig að unnt sé að snúa ökutækjum við. Ábúendur greiða sjálfir kostnað vegna snjómoksturs á heimaplönnum, bæjarhlöðum og bílastæðum.

